



falda afluð

Burðarafl Íslands er falið í krafti fyrirtækja sem teljast minni og meðalstór

Breytum um stefnu - nýtum betur bjarggráðin

Tólf tillögur til aðgerða - umbóta og vaxtar

Breytum um stefnu - nýtum betur bjargráðin



falda aflíð

Leysum úr læðingi afl minni og meðalstórra fyrirtækja

Tólf tillögur Félags atvinnurekenda til aðgerða - umbóta og vaxtar í íslensku atvinnulífi

Fimm ár eru liðin frá hruni og því löngu orðið ljóst að ekki er lengur hægt að tala um kreppu á Íslandi. Samt sem áður ríkir hér efnahagsleg kyrrstaða. Sé ekkert að gert blasir við okkur nýr veruleiki – viðvarandi fjötrar. Félag atvinnurekenda mun vinna að því á næstu mánuðum að ná fram tólf aðgerðum sem bæta umhverfi minni og meðalstórra fyrirtækja sem eru yfir 90% allra fyrirtækja í landinu.

Flest fyrirtæki á Íslandi eru með innan við 50 starfsmenn, þar af mörg með innan við 20 starfsmenn. Þessi fyrirtæki og starfsfólk þeirra hafa mætt afgangi í stefnumörkun stjórnvalda síðastliðin ár. Sérstakar aðgerðir skila ekki almennum árangri. Félag atvinnurekenda leggur því til skilvirkar almennar aðgerðir sem ætlað er að leysa úr læðingi það falda afl sem býr í minni og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi. Aðgerðirnar auka skilvirkni, skapa verðmæti og ýta þar með undir æskilega framleiðni og nauðsynlegan hagvöxt í samfélaginu.

Félag atvinnurekenda vill að stjórnvöld hrindi aðgerðunum í framkvæmd fyrir þinglok 2014, svo íslenskt efnahagslíf rétti úr kútnum.

Nauðsynlegt er að stórauka hvata til fjárfestinga í atvinnulífinu og einkaframtaks en sá hluti hefur verið í skrúfstykki óskilvirks regluverks í nokkur ár. Með einfaldara skattkerfi, umbótum í samkeppnisumhverfi og hagkvæmari fjármögnunarmöguleikum fyrirtækja væri hægt að leysa úr læðingi gríðarlegt afl íslenskra fyrirtækja sem í dag er flestum falið. Afl fjárfestinga og einkaframtaks.

Yfir 90 prósent allra fyrirtækja í landinu teljast minni og meðalstór fyrirtæki. 80-90 þúsund manns starfa hjá þessum fyrirtækjum, í framleiðslu-, þjónustu- og verslunarstarfssemi. Sé aðgerðaáætlun félagsins vel framkvæmd fjölga störfum um a.m.k. 4.000 á fáeinum árum.

Tökum afstöðu með sjálfum okkur. Styðjum við tólf tillögur Félags atvinnurekenda í þágu yfir 90% fyrirtækja landsins, fyrirtækjanna sem við störfum hjá.

Breytum um stefnu - nýtum betur bjargráðin

Yfirlit aðgerða

1. Skýrari takmörk á eignarhaldi banka á fyrirtækjum

Bankar eiga ekki að veita litlum fyrirtækjum samkeppni

2. Fleiri skilvirkar fjármögnunarleiðir fyrir fyrirtæki

Þörf á meiri samkeppni um lánsfjármögnun og hvata til fjárfestingar í atvinnurekstri

3. Markvissar leiðir gegn kennitölufлакki

Samkeppnin og birgjar tapa á núverandi stöðu

4. Lækkun tryggingagjalds

Skýr ávinningur – eykur svigrúm til sköpunar starfa

5. Afnám vörugjalda og einföldun neysluskatta

Til hagsbóta fyrir neytendur og eflir samkeppni

6. Aukin skilvirkni í innkaupum hins opinbera

Sömu reglur gildi um sveitarfélög og ríki

7. Skilvirkari afgreiðsla samkeppnismála

Setja málsmeðferðarfresti og nýta bindandi álit

8. Breyttar reglur um skattlagningu arðs

Smærri fyrirtæki í ósanngjarnri stöðu í dag

9. Sanngjarnari kröfur til endurskoðunar ársreikninga minni aðila

Ítarleg könnun uppfyllir gæðakröfur og sparar kostnað

10. Eftirlitsgjöld byggi á þeirri vinnu sem unnin er

Skattlagning vegna eftirlits varhugaverð

11. Lögfesting fleiri gjalddaga virðisaukaskatts í tolli

Skapar eðlilegt hagræði sem nýtist smærri aðilum

12. Skýrari reglur um opinbera birtingu ársreikninga

Sömu stærðarmörk á Íslandi og í Evrópu

Innan vébanda Félags atvinnurekenda eru um 180 fyrirtæki. Þau veita um 4.000 manns atvinnu.

Stýrihópur um Falda aflíð:

Birgír Bjarnason, Íslensku umboðssölu; Bjarni Ákason, Skakka turninum; Guðjón Sigurbjartsson, Tanna; Magnús Ólafsson, Áltaki; Páll Bragason, Fálkanum; Thomas Möller, Rými Ofnasmiðjunni

Starfsmenn FA sem komu að verkefni:

Almar Guðmundsson, Bjarnís Lárusdóttir, Björg Ásta Þórðardóttir, Páll Rúnar, Mikael Kristjánsson, Rakel Dögg Bragadóttir

Skýrari takmörk á eignarhaldi banka á fyrirtækjum

- Mörg fyrirtæki þurfa að standa í samkeppni við fyrirtæki sem njóta þeirrar vildarstöðu að vera í eigu fjármálafyrirtækja eða starfa í skjóli þeirra.
- Samkeppnisforskot fyrirtækja sem eru í eigu banka byggist almennt ekki á viðskiptalegum forsendum heldur efnahagslegum styrkleika eigenda þeirra.
- Smærri fyrirtæki eiga oft erfitt með að keppa við fyrirtæki í eigu banka þar sem þau keppa ekki á jafnréttisgrundvelli.
- Áhrif þessi eru að smærri fyrirtæki fara halloka, samkeppni skerðist og samfélagið verður af þeim kröftum og mannaúði sem í þessum fyrirtækjum býr.
- Síðasta birta tölfræði FME um eignarhald banka á fyrirtækjum er síðan í október 2012. Þar kemur fram að í 83 tilvikum af 95 (87%) hefur eftirlitið samþykkt að eignarhald banka á fyrirtækjum fari umfram lögbundið 12 mánaða mark.
- Þann 12. september 2013 óskaði FA eftir upplýsingum frá FME í tengslum við eignarhald banka á fyrirtækjum í óskyldum rekstri og þá sérstaklega hvaða sjónarmið liggja því til grundvallar að FME veiti framangreinda fresti.

- *Setja þarf reglu sem tryggir að fjármálafyrirtæki hafi ekki nokkur þau afskipti af fyrirtækjum í óskyldum rekstri sem jafna mætti til skuggastjórnunar.*
- *FME þarf að birta betri og tíðari tölfræði um fjölda fyrirtækja sem er í eigu banka.*
- *Taka þarf sérstaklega á stöðunni varðandi fyrirtæki í eigu slitastjórna.*
- *Tryggja þarf að samkeppnis-sjónarmið hafi meiri áhrif á ákvarðanir FME um umrædd tilvik – jafnvel þannig að Samkeppniseftirlitið hafi skilgreint hlutverk.*
- *Slíkt mun stuðla að eðlilegri hreinsun á markaði, aukinni hagkvæmni og eðlilegri samkeppni.*
- *Veitt þjónusta (eftirlit) verður markvissara.*

Tillaga: Setja þarf strangara bann við eignarhaldi fjármálafyrirtækja í fyrirtækjum í óskyldum rekstri. Minnka þarf tímamörk eignarhalds niður í 6 mánuði. Sæki bankar um aukinn frest þurfi að birta nafn viðkomandi fyrirtækis sem fresturinn tekur til og eignarhluta fjármálafyrirtækisins í fyrirtækinu.

Fleiri skilvirkar fjármögnunarleiðir fyrir fyrirtæki

Við núverandi aðstæður er mikilvægt að gera fjármögnun fyrirtækja sem allra skilvirkasta. Fyrirtæki þurfa að hafa greiðan aðgang, bæði að lánsfé og eiginfjármögnun. Þetta er ekki síst mikilvægt við uppbyggingu minni fyrirtækja eftir efnahagshrun þar sem skuldsetning hefur verið mikil og eiginfjárstaða almennt veik. Bankakerfið þarf heilbrigða samkeppni hvað þetta varðar og því mikilvægt að lífeyrissjóðir og almennir fjárfestar hafi hvata til að fjárfesta í fyrirtækjum og útvega þeim lánsfjármagn.

Fjárfestingar lífeyrissjóða:

- Auknar fjárfestingar í óskráðum verðbréfum hvetja m.a. til fjárfestingar í meðalstörum fyrirtækjum.
- Þróa þarf rafræn útboð og innkaup sem getur skapað aukinn sveigjanleika í innkaupum hins opinbera. Það er til hagsbóta fyrir bæði kaupanda og seljanda.
- Skapar hvata til uppbyggingar sjóða sem myndu fjárfesta annars vegar í hlutafé minni fyrirtækja og hins vegar í skuldaþréfum gefnum út af minni fyrirtækjum.
- Eftirspurn lífeyrissjóða gæfi minni fyrirtækjum tækifæri á að fjármagna sig á hagkvæmari hátt og myndi að auki skapa samkeppni við banka og minnka vaxtaálag þeirra.
- Gera þarf eðlilegar kröfur til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum í takt við það sem tíðkast t.d. á markaðstorgi fjármálagerninga. Í tilvikum sjóða sem fjárfesta myndu í hlutafé eða skuldaþréfum minni fyrirtækja væru þannig gerðar kröfur um upplýsingagjöf og aðra þætti, þótt þær yrðu vægari en á við um skráð verðbréf eða sjóði.
- Skoða þarf skipan peningamála heildstætt með það að markmiði að ná niður vaxtastigi og minnka sveiflur í gengi.

Skattaafslættir til að auka fjárfestingu í atvinnurekstri:

- Skattaafsláttur til einstaklinga vegna kaupa á hlutafé í fyrirtækjum.
- Fyrirtækin þyrftu að uppfylla skilyrði sett af RSK (engin vanskil, jákvætt eigið fé, birtur og endurskoðaður ársreikningur o.fl.).
- Lágmarkseignarhaldstími 5 ár.
- Skoða þarf með hvaða hætti hægt væri að útfæra skattaafslátt gagnvart lögaðilum.
- Skapar nauðsynlegan hvata til fjárfestinga og eflir eiginfjástöðu fyrirtækja.

Tillaga: Auka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum og setja upp raunhæfa og skilvirka skattaafslætti vegna kaupa á nýju hlutafé í minni fyrirtækjum.

Breytum um stefnu - nýtum betur bjargráðin

Markvissar leiðir gegn kennitölufлакki

- Kennitöluflack felst í því að stofnað er til skuldbindinga í nafni félags sem verður síðar gjaldþrota og rekstur þess er síðan fluttur í nýtt félag en skuldir þess og aðrar skuldbindingar verða eftir í hinu gjaldþrota félagi.
- Þeir sem eiga kröfur á hið gjaldþrota félag eða vörur á lager þeirra tapa oft öllu sínu.
- Stærri aðilar eiga auðveldara um vik við að tryggja stöðu sína t.d. með veðum og öðrum tryggingarráðstöfunum. Þá gerir hið nýja félag oft upp skuldir þess eldra við stærri aðila til að geta átt viðskipti við þá í nýja félaginu.
- Smærri fyrirtæki tapa of miklum fjármunum við gjaldþrot annarra fyrirtækja. Tjón smærri fyrirtækja er, eðli málsins samkvæmt, oft hlutfallslega stórt m.v. tjón þeirra sem stærri eru.
- Tjóns eins stórs félags getur dregið með sér fjöldann allan af smærri aðilum með tilheyrandi samfélagslegu tjóni.

- *Breyta verður lögum á þann veg að tryggja að ógreiddar vörur, sem eru á lager gjaldþrota félags, renni aftur til þeirra sem þær eiga.*
- *Skoða þarf hvort innleiða þurfi persónulega ábyrgð stjórnenda á ákveðnum gjöldum frá ríkinu (vörsluskattar og fleira).*

Tillaga:


Breyta lögum nr. 75/1997 um sammingsveð:

- ✓ 21. gr. laganna á þá leið að skylt er að tilkynna kröfuhöfum sínum, sem eiga kröfur hærrí en 1.000.000 króna, um tiltekna veðsetningar, t.d. ef tekin eru allsherjarveð í eignum skuldarans. Jafnframt er viðkomandi skylt að tilkynna viðsemjendum sínum þegar veð er gert í vörubirgðum þeirra veðsala enda séu þar að finna ógreiddar vörur viðsemjenda.
- ✓ 36. gr. laganna á þann veg að heimila söluveð í hlutum ætluðum til endursölu en slíkt veð haldi ekki gagnvart neytendum og grandlausum þriðja aðila.

Lækkun tryggingagjalds

- Tryggingagjald hefur hækkað um 2,35 prósentustig frá því í byrjun árs 2009. Fyrst hækkaði svokallað atvinnu-tryggingagjald vegna fjármögnunar á Atvinnuleysistryggingasjóði. Eftir að atvinnuleysi hefur lækkað hefur atvinnu-tryggingagjald lækkað en almennt tryggingagjald hækkað á móti. Heildarlækkunin frá árinu 2009 stendur því nánast óbreytt ennþá.
- Tryggingagjald er í raun launaskattur og sérlega þungur baggi fyrir þjónustu- og verslunarfyrirtæki þar sem launakostnaður vegur þungt í rekstri.
- Ef tryggingagjald lækkar um eitt prósentustig lækkar kostnaður fyrir atvinnurekendur umtalsvert sem myndi t.d. nægja til að ráða um 1.700 nýja starfsmenn til starfa miðað við meðalárstekjur.
- Lækkun tryggingagjalds um eitt prósentustig myndi lækka tekjur ríkissjóðs um ríflega 7,5 milljarða króna. Á móti gætu að hámarki 1.700 störf skapast sem gætu aukið skatttekjur ríkissjóðs um a.m.k. 3,5 milljarða króna. Ríkið sem launagreiðandi myndi einnig greiða u.þ.b. einum milljarði lægri fjárhæð í tryggingagjald.

Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi - ma.kr.




- Í heild gætu því nettóáhrif á ríkissjóð, til skemmri tíma, verið neikvæð um 3 milljarða króna sem myndu þó skila sér annars staðar og skapa jákvæð áhrif yfir lengra tímabil.
 - Aukin fjárfesting
 - Aukin neysla
 - Skuldir greiddar örar niður

Tillaga: Lækka tryggingagjald um 2 prósentustig, þar af 1 prósentustig strax.

Afnám vörugjalda og einföldun neysluskatts

- Vörugjaldskerfið á Íslandi er ósanngjörn skattinnheimta sem mismunar vöruflokkum og atvinnugreinum.
- Vörugjöld er lítið brot af tekjum ríkisins en kerfið sjálft er úrelt og ógagnsætt.
- Hægt er að gera skattkerfið hagkvæmt og gagnsætt með afnámi tolla og vörugjalda án kostnaðar fyrir ríkissjóð.
- Ekki verður séð að réttlætanlegt sé að beita verndartollum á landbúnaðarafurðir – slík framkvæmd skekkir eðlilega verðmyndun.
- Fækka mætti undanþágum frá greiðslu virðisaukaskatts og ná þannig inn meiri tekjum. Jafnframt þarf að fara yfir prepaskiptingu kerfisins.



Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld

Tillaga: Afnema vörugjöld og einfalda neysluskatta.

Aukin skilvirkni í innkaupum hins opinbera

- Á hverju ári kaupir ríkið og sveitarfélög vörur og þjónustu fyrir tugir milljarða. Í krafti þessara viðskipta má hafa mikil áhrif.
- Víða er pottur brotinn í viðskiptum hins opinbera. Kærumál vegna þeirra eru mörg og dómsmál sömuleiðis.
- Smærri fyrirtæki standa oftast en ekki höllum fæti í viðskiptum við opinbera aðila. Oft er brotið á rétti smærri fyrirtækja en réttarúrræði þeirra eru mjög takmörkuð.
- Breyta verður lögum á þann veg að tryggja að lög um opinber innkaup gildi jafnt um sveitarfélög og ríkið. Þar með geta þeir sem eiga viðskipti við sveitarfélög borið ágreiningsmál sín undir kærunefnd útboðsmála.
- Auka þarf aðgengi smærri aðila að rammamningum.
- Gæta þarf meðalhófs í þeim kröfum sem gerðar eru til bjóðenda og stefna að því að umfang viðskiptanna sé stillt þannig upp að sem flestir geti tekið þátt. Mörg smærri verkefni leiða af sér meiri samkeppni með tilheyrandi ábata.

Tillaga: Breyta gildissviði laga um opinber innkaup m.t.t. sveitarfélaga og lækka viðmiðunarfjárhæð innkaupa þeirra. Auka skilvirkni og hagræða í opinberum innkaupum.

Skilvirkari afgreiðsla samkeppnismála

- Á Íslandi er *fákeppni* á mörgum mikilvægum mörkuðum.
 - Minni fyrirtæki eiga því erfitt með að fóta sig á þessum mörkuðum sem og að eiga viðskipta lóðrétt við markaðsráðandi aðila sem geta beitt stöðu sinni í viðskiptum sínum.
 - Of mörg félög verða undir vegna misnotkunar markaðsráðandi aðila á stöðu sinni.
 - Of seint gengur að ryðja úr vegi samkeppnishindrunum.
 - Samkeppnislög þurfa að ná yfir alla markaði, t.d. þannig að markaður með landbúnaðarafurðir fái í auknum mæli aðhald frá yfirvöldum.
 - Samkeppiseftirlitið þarf að skoða sérstaklega markaði þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar eru í samkeppni, t.d. á sviði heilbrigðis- og menntamála. Mikilvægt er að samkeppnissjónarmið ráði miklu við uppbyggingu slíkra markaða.
- *Veita verður meira fé í Samkeppnis-eftirlitið en búast má við því að samfélagslegur ábati slíkrar fjárfestingar geti orðið mikill ef hún er nýtt vel.*
 - *Koma verður á laggirnar skilvirku kerfi til að leysa úr minni málum.*
 - *Setja verður lögbundna málsmeðferðarfresti.*
 - *Hefja verður útgáfu bindandi álita í samkeppnismálum til að útrýma vafamálum áður en þau skaða viðkomandi markað.*
 - *Auka verður úrræði Samkeppnis-eftirlits gagnvart stjórnvöldum.*
 - *Bein úrræði vegna ákvarðana stofnana*
 - *Bein úrræði gagnvart reglugerðargjafanum*
 - *Beittara ábendingarvald gagnvart löggjafanum*
 - *Skoða þarf hækkun sekta.*

Tillaga: Koma á laggirnar skilvirku kerfi til að leysa úr minni málum, hefja útgáfu bindandi álita og setja lögbundna málsmeðferðarfresti.

Breyttar reglur um skattlagningu arðs

Svokölluð 50/20% regla við skattlagningu arðs er óljós og leiðir til þess að hluti arðs er skattlagður sem launatekjur. Þetta skapar ósanngirni gagnvart minni fyrirtækjum.

- Reglan bitnar harkalega á fyrirtækjum með fáa hluthafa (5 eða færri) sem starfa allir hjá viðkomandi félagi.
- Reglan getur haft áhrif á samkeppni milli félaga þar sem stærri félög hafa þá rýmri úrræði við útgreiðslu arðs og í raun þýðir það að arðsemi hluthafa getur orðið meiri eftir því sem fyrirtæki eru stærri. Það er ósanngjörn afleiðing skattareglna. Spyrja má hvort hún standist eðlileg jafnræðissjónarmið.
- Hafa verður í huga að reglur um reiknað endurgjald eigenda eiga að gera það að verkum að eigendur reikni sér laun á skýran hátt og greiði því eðlilegan tekjuskatt af launatekjum sínum. Nær væri að herða þessi úrræði ef skattyfirvöld óttast að eigendur freisti þess að greiða sér fjármagnstekjur í stað launatekna.
- Stóraukinn fjöldi samlagsfélaga má m.a. útskýra með tilkomu reglunnar. Spyrja má hvort skattheimta nái markmiði sínu þegar hún hefur slík áhrif.

Skattlagning arðs:

- Þeir aðilar sem reikna sér endurgjald skulu telja sér til tekna helming af úthlutuðum arði.
- Á við um úthlutun arðs umfram 20% af skattalegu eigin fé.
- Það sem umfram er skattleggst jafnt sem fjármagn (20% skattur) og launatekjur (37,2,-46,2%).
- Reglan gildir ekki um þá eigendur sem starfa ekki hjá félaginu.
- Á eingöngu við um aðila sem eiga meira en 20% í viðkomandi félagi.
- Einfalt - ekki satt?

Tillaga: Afnema 50/20% reglu við skattlagningu arðs.

Sanngjarnari kröfur til endurskoðunar ársreikninga minni aðila

- Á Íslandi eru þau fyrirtæki sem uppfylla skilyrði laga um ársreikninga og ná tilteknum stærðarmörkum endurskoðunarskyld. Fyrirtæki þurfa að láta endurskoða ársreikninga sína ef þau hafa náð ákveðnum stærðarmörkum sl. 2 reikningsár.
Íslensk stærðarmörk:
 - 200 milljón kr. í eignir
 - 400 milljón kr. í rekstrartekjur
 - 50 ársverk
 - Þau fyrirtæki sem eru undir stærðarmörkunum þurfa ekki að fá endurskoðun.
 - Í Evrópu eru mun hærri stærðarmörk fyrir skilyrði á fullri endurskoðun
 - 720 milljón kr. úr niðurstöðutölum efnahagsreiknings
 - 1.4 milljarðar kr. í hreinni veltu
 - 50 ársverk
 - Dönsk stærðarmörk fyrir ítarlega könnun sem er millistig milli kannaðra reikninga og fullrar endurskoðunar
 - 92-828 milljón kr. eignir.
 - 184-1.656 milljón kr. rekstrartekjur
 - 12-50 starfsmenn
- Full endurskoðun er mjög dýr og umfangsmikil.
 - Full endurskoðun á nokkuð oft ekki við þegar um minni fyrirtæki er að ræða.
 - Laga þarf reglur um endurskoðun að danskri fyrirmynd sem gerir ráð fyrir millistigi sem hentar betur minni fyrirtækjum.
 - Þótt stærðarmörk hækki hafa fyrirtæki eftir sem áður val um að gera sér strangari kröfur, t.d. vegna kröfu fjármálafyrirtækja eða birgja.

Tillaga: Hækka stærðarmörk í 98. grein laga nr. 3/2006 um ársreikninga til samræmis við danskan og evrópskan rétt. Bæta inn nýju ákvæði sem kveður á um ítarlega könnun.

Eftirlitsgjöld byggja á þeirri vinnu sem unnin er

- Á hverju ári greiða flest fyrirtæki ákveðin gjöld vegna starfsemi opinberra aðila. Þetta eru t.d. eftirlitsgjöld, opinberar vottanir og annað í þeim dúr.
- Mörg mál hafa komið fram þar sem að umrædd gjaldtaka hefur ekki farið fram með lögmætum hætti auk þess sem þjónusta/eftirlit uppfyllir ekki eðlilegar kröfur eða væntingar.
- Á undanförunum árum hefur gætt aukinnar tilhneigingar hjá hinu opinbera til að færa gjaldtöku í form skatts í stað hefðbundinna þjónustugjalda.
- Smærri fyrirtæki greiða of hátt hlutfall í opinber eftirlitsgjöld og fá of lítið fyrir þau gjöld.
- Tillagan stuðlar að auknu jafnræði og sanngirni þar sem greitt er fyrir það eftirlit sem raunverulega fer fram. Þjónustan (eftirlitið) sem veitt er verður markvissari, hagkvæmari og vandaðri. Kostnaðarvitund myndi líklega aukast.
- Einkarekin þjónustufyrirtæki, jafnt lítil sem stór, rukka viðskiptavini samkvæmt verkbókhaldi og öðrum gagnsæjum kostnaðargreiningum. Eðlilegt er að gera sömu kröfur til opinberra þjónustu og opinbers eftirlits.

Gjaldtaka í formi skatts:

- Eftirlit/þjónusta er aðskilin frá gjaldtöku – innheimt er gjald hvort sem að þjónusta er veitt eða ekki.
- Höfuðstóll gjalda fyrir eftirlit/þjónustu er ekki í neinu samhengi við það sem reitt er af hendi.

Tillaga: Breyta lögum þannig að innheimta fari fram í formi gjaldtöku fyrir ákveðna þjónustu í stað skatts.

Lögfesting fleiri gjalddaga virðisaukaskatts í tolli

- Gjalddagar VSK- greiðslna eru einum mánuði og fimm dögum eftir lok hvers tímabils. Hvert tímabil eru tveir mánuðir, jan-feb, mars-apríl o.s.frv.
- Þegar um er að ræða virðisaukaskatt í tolli er iðulega um að ræða vörur sem birgjar selja með greiðslufresti sem að jafnaði er lengri en gjaldfrestur aðflutningsgjalda. Þetta skapar óhagræði, sér í lagi fyrir minni aðila. Þessir aðilar eru auk þess gjarnan að selja vörur til mun stærra og sterkari aðila (t.d. verlanakeðja eða Landspítala) og hafa því ekki stjórn á þeim greiðslufrestum sem þeir verða að veita.
- Frá hruni hafa verið sett inn tímabundin ákvæði í lög sem gera fyrirtækjum kleift að skipta greiðslu fyrir hvert VSK tímabil á tvo gjalddaga. Þetta ákvæði hefur verið endurnýjað árlega.
- Breyta þarf lögnum þannig að lögfest verði að heimilt sé skipta greiðslunum upp og greiða virðisaukaskattinn í hverjum mánuði. Þannig eyðist óvissa sem er til sérstaks hagræðis fyrir minni fyrirtækin.

Tillaga: Lögfesta heimild um að skipta upp greiðslu virðisaukaskatts í tolli svo gjalddagi verði í hverjum mánuði.

Skýrari reglur um opinbera birtingu ársreikninga

Fyrirtæki mega skila inn *samandregnum árs-/rekstrarreikningi* til Ársreikningaskrár ef þau hafa ekki náð ákveðnum stærðarmörkum sl. tvö reikningsár.

Íslensk stærðarmörk:

- 300 milljón kr. / 862.5 milljón kr. í eignir
- 600 milljón kr. / 1.725 milljón kr. í rekstrartekjur
- 50 ársverk / 250 ársverk

Evrópsk stærðarmörk:

- U.þ.b. 720 milljón kr. / 2.878 milljón kr. úr niðurstöðutölum efnahagsreikning
- U.þ.b. 1.4 milljarðar kr. / 5.757 milljón kr. í hreinni veltu
- 50 ársverk / 250 ársverk
- Mikið hagræði liggur í að skila inn samandregnum ársreikningi (eða rekstrarreikningi) enda getur það orðið fyrirtækjum til tjóns ef samkeppnisaðilar hafa tök á því að rýna í rekstur þeirra á grundvelli framangreindra heimilda. Stærðarmörkin gera það að verkum að mörg lítil fyrirtæki falla undir framangreinda skilaskyldu og eru í raun lögin hér á landi meira íþyngjandi en á Evrópska efnahagssvæðinu enda eru stærðarmörkin mun hærri þar.

- *Um 33 þúsund fyrirtæki voru skilaskyld á árinu 2011.*
- *Rúmlega 80% þeirra skiluðu inn ársreikningum.*
- *Ársreikningarnir eru öllum opnir.*
- *Skilin geta haft slæm áhrif á samkeppnisstöðu örfyrirtækja og lítilla fyrirtækja með einfaldan rekstur.*
- *Reglur um skil ársreikninga eru ekki fyllilega sambærilegar EES reglum.*
- *Stærðarmörk innan EES hafa hækkað reglulega síðustu ár.*
- **Íslenskar aðstæður réttlæta ekki þann mismun.**

Tillaga: Breyta stærðarmörkum í 1. og 116. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga til samræmis við EES rétt.